



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 1. tölublað. Janúar 2007.

EFNI:

Salmonellu-
tilfelli
2005–2006

bls.
1

Nýtt fyrirkomulag
almennra bólu-
setninga

2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarna-
læknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Brynja Laxdal
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

SALMONELLUTILFELLI 2005–2006

Árið 2006 greindust 108 einstaklingar á sýklafræðideild Landspítala-háskóla-sjúkrahúss (LSH) með salmonellu, sem er svipaður fjöldi og síðastliðin ár (sjá mynd). Ekki varð vart við neina hópsýkingu af völdum salmonellu á árinu sem leið. Árið 2000 gekk salmonellufaraldur sem barst með jöklasalati og skýrir það aukinn fjölda tilfella það árið.

Við athugun á uppruna smits eftir löndum árin 2005 og 2006, samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideildinni, kom í ljós að fjöldi tilfella af innlendum uppruna var svipaður milli ára. En nokkuð var breytilegt hvar íslenskir ferðamenn smituðust erlendis (sjá töflu). Árið 2005 greindust langflestir með smit eftir dvöl á Spáni en 2006 fækkaði tilfellum frá Spáni töluvert. Enn meiri munur milli ára er á tölum frá Búlgaríu. Árið 2005 greindist enginn með salmonellu eftir ferð til Búlgaríu, en árið 2006 greindust 23 salmonellutilfelli meðal íslenskra ferðamanna sem komu þaðan.

Á þessu er einföld skýring; árið 2005 voru engar skipulagðar ferðir til Búlgaríu frá Íslandi en árið 2006 buðu tvær ferðaskrifstofur hérlendis upp á ferðir þangað. Auk þess bárust fregnir frá öðrum Evrópu-


Tafla. Uppruni salmonellu eftir löndum

	2005	2006
Óþekkt	7	17
Búlgaríu	0	23
Kúba	4	2
Spánn	33	23
Grikkland	11	1
Ísland	9	13
Portúgal	4	1
Tæland	3	3
Tyrkland	1	5
Samtals	72	88

Auk þeirra átta landa sem sýnd eru í töflunni komu 23 önnur lönd við sögu sem upprunaland smits í 39 salmonellutilfellum, hvert með einungis 1–2 tilfelli árlega.

löndum um aukinn fjölda salmonellutilfella frá Búlgaríu seinni hluta árs 2006.

Ekki kemur á óvart hversu margir Íslendingar smituðust á Spáni, en þar eru margir vinsælir áfangastaðir sem sóttir eru allt árið. Það er því ekki hægt að draga ályktanir um hættu á smiti í mismunandi löndum með því að horfa eingöngu á fjölda tilfella sem koma þaðan. Til að fá einhverja hugmynd um smithættu í hverju landi þarf að liggja fyrir vitneskja um heildarfjölda íslenskra ferðamanna þangað, en þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi. Tölurnar í töflunni sýna því eingöngu fjölda tilfella frá hverju landi en segja ekkert um líkur á smiti.



NÝTT FYRIRKOMULAG ALMENNRA BÓLUSETNINGA FRÁ OG MEÐ 1. JANÚAR 2007

Árið 2006 greindust
108 einstaklingar á
sýklafræðideild LSH
með salmonellu,
sem er svipaður
fjöldi og
síðastliðin ár.

Í tilefni þessara
breytinga hefur
sóttvarnalæknir
gefið út uppfærðar
útgáfur tveggja
fræðslubæklinga um
bólusetningar og nýtt
bólusetningaskírteini.

Eins og greint var frá í Farsóttufréttum í október 2006 hafa orðið breytingar á fyrirkomulagi almennra bólusetninga hér á landi og tóku þær gildi 1. janúar 2007.

Meginbreytingarnar felast annars vegar í notkun nýrra bóluefna og hins vegar í viðbótarbólusetningu gegn kikhósta.



Nýtt bólusetningaskírteini var tekið í notkun 1. janúar.

Nánar tiltekið eru breytingarnar sem hér segir:

- Infanrix Polio Hib verður framvegis notað í stað Pentavac.
- Boosterix kemur í stað diTeKiBooster.
- Bólusetning gegn kikhósta hefur verið tekin upp við 14 ára aldur og kemur því Boosterix Polio í stað Diftavax og Imovax Polio.

NeisVac C og Priorix eru óbreytt frá því sem áður var.

Frá og með 1. janúar 2007 verður því fyrirkomulag almennra bólusetninga eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:



Heilsugæslan er hvött til þess að nota þær birgðir sem þær eiga af eldri bóluefnum (Pentavac og diTeKiBooster) áður en notkun hinna nýju bóluefna hefst.

Frá og með 1. janúar 2007 verður einungis hægt að panta nýju bóluefnin hjá Parlogis. samkvæmt ofangreindu fyrirkomulagi.

Í tilefni þessara breytinga hefur sóttvarnalæknir nýverið gefið út uppfærðar útgáfur tveggja fræðslubæklinga um bólusetningar svo og nýtt bólusetningaskírteini. Annar bæklingurinn, *Yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi*, er fyrst og fremst ætlaður heilbrigðisstarfsfólki og er eingöngu í vefútgáfu. Hinn bæklingurinn nefnist *Upplýsingar um bólusetningar barna fyrir foreldra og aðstandendur* og er hann gefinn út bæði á prenti og í vefútgáfu. Honum verður dreift til foreldra, meðal annars í ungubarnaskoðun og á heilsugæslustöðvum.

Á vefsetri Landlæknisembættisins er að finna ítarlegri upplýsingar og leiðbeiningar um bólusetningar hér á landi á slóðinni <http://www.landlaeknir.is> undir Sóttvarnir/Bólusetningar.

Aldur	Innihald	Nafn	Framleiðandi
3, 5 og 12 mán.	DTaP, Hib, IPV	Infanrix Polio Hib	GSK
6 og 8 mán.	MCC	NeisVac-C	Baxter
18 mán. og 12 ára	MMR	Priorix	GSK
5 ára	dTaP	Boosterix	GSK
14 ára	dTaP, IPV	Boosterix Polio	GSK